



Nefndasvið Alþingis
Allsherjanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Alþingi
Erindi nr. þ 138/3005
komudagur 12.8.2010

Reykjavík, 11.08.2010
Tilv. 90.13
JS/sdk

**Málefni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, 138.
löggj.þing 2009-2010, 658. mál**

Vísað er í erindi Allsherjarnefndar Alþingis dags. 22. júní 2010 og beiðni um umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar um ofangreint frumvarp til laga.

Með fram komnu frumvarpi er m.a. stefnt að því að aðlaga stjórnsýsluna í landinu að breyttri þjóðfélagsskipan og aðstæðum, ná fram hagræðingu í rekstri ráðuneyta og faglega sterkari einingum. Það sem sérstaklega þarf að huga að við þessar breytingar og snýr að Hafrannsóknastofnuninni er að vistun stofnunarinnar í hinni nýju stjórnskipan tryggji að haf- og fiskirannsóknirnar veikist ekki, þ.m.t. ráðgjöf til stjórnvalda. Einnig að breytingar auki skilvirkni og leiði til hagkvæmari reksturs.

Hafrannsóknastofnunin gegnir samkvæmt lögum grundvallar hlutverki í íslensku samfélagi varðandi rannsóknir og ráðgjöf um skynsamlega nýtingu fiskistofna og annarra nytjastofna sjávar. Ekki verður um deilt að stofnunin er og hefur verið kjölfesta í íslenskrri fiskveiðistjórnun og starfsemin megin grundvöllur stjórnvalda til ákvarðanatöku um hámarksafla á undanförunum árum og áratugum.

Hafrannsóknastofnunin samþættir rannsóknir sínar á umhverfi sjávar og afrakstursgetu Íslandsmiða, þ.e. árlegar sjó- og vistfræðirannsóknir og rannsóknir á nytjastofnum sjávar ásamt árlegri úttekt og ráðgjöf um afrakstur og veiðipól nytjastofnanna við landið. Óhætt er

Heimilisfang:

Skúlagötu 4
Pósthólf 1390
121 Reykjavík

Sími:

575-2000
Póstfax:
575-2001

Heimasíða:

www.hafro.is

Tölvupóstfang:

hafro@hafro.is

HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

að fullyrða að oft er litið til Íslands varðandi stöðu þekkingar og árangurs við nýtingu fiskistofna við landið, m.a. vegna þess að rannsóknir og ráðgjöf um auðlindina eru umfangsmiklar og kostnaður tiltölulega lítill. Vel hefur tekist til með samþættingu mismunandi rannsókna og samnýtingu skipakosts og aðstöðu, m.a. samþættingu umhverfis- og fiskirannsókna. Augljóst óhagræði skapaðist því við að aðskilja þessar rannsóknir og skipta á aðskildar stofnanir. Almennt virðist sem rekstraraðhald, fyrirkomulag rannsókna og gott samstarf við atvinnugreinina um afmarkaða rannsóknarþætti hafi skilað hagkvæmni og markvissum árangri. Mikilvægt er samt að gera sér grein fyrir að árleg veiðiráðgjöf stofnunarinnar nær til á fjórða tug nytjastofna sem ekki verður sinnt með takmarkaðri fjármunum en nú er.

Gróft áætlað fer meira en 3/4 hlutar af ráðstöfunarfé Hafrannsóknastofnunarinnar á ári hverju í umfangsmikla vöktun umhverfis sjávar og í reglubundnar fiskistofnmælingar ásamt vinnu sem tengist ráðgjöf um hæfilegan heildarafla nytjastofna. Um 1/4 hluti af ráðstöfunarfénu fer til annarra óreglubundinna verkefna, sem annars hafa að megin markmiði að undirbyggja skilning og styrkja ráðgjöf um nýtingu og vernd fiskistofnanna. Stofnunin er því með réttu þjónustustofnun við atvinnugreinina í viðum skilningi, en einkum þó við stjórnvöld á hverjum tíma, enda hefur sjávarútvegsráðherra (síðar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra) verið skylt að leita umsagnar stofnunarinnar um helstu mál er varða nýtingu fiskistofnanna. Má í því sambandi nefna að nálægt 3-400 skjalfest erindi fara árlega á milli ráðuneytis og stofnunarinnar um mál er varða þetta ráðgjafarhlutverk stofnunarinnar og þjónustuskyldu við stjórnvöld, en oft eru samskiptin með öðrum hætti svo sem með fundum, samtölum og tölvupósti. Þetta hefur m.a. gert ráðuneytinu kleift að sækja þekkinguna þar sem hún verður til, frekar en að hafa innan sinna raða fjölda sérfræðinga sem leysa myndu úr álitamálum varðandi nýtingu og vernd fiskveiðiauðlindarinnar.


Það er því mikilvægt við endurskipan stjórnarráðsins og ákvörðunartöku um vistun Hafrannsóknastofnunarinnar að þessi miklu tengsl séu höfð í huga. Komi til breytinga á vistun Hafrannsóknastofnunarinnar, er mikilvægt að greina hvernig hlutverki stofnunarinnar yrði best sinnt og tryggt að ekki yrði stofnað til mikils viðbótarkostnaðar.

HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Í nútíma auðlindastjórnun er mikil áhersla lögð á virkni svokallaðra hagsmunaaðila á sem flestum stigum. Þetta er annars vegar talið vera mikilvægt til að hagsmunaaðilar séu ávallt sem best upplýstir um eðli auðlindarinnar og ástand, en ekki síður svo þeim séu ljósar ástæður stjórnunaraðgerða og sætti sig þar með betur við þær og taki virkan þátt í að vernda auðlindina. Þannig hefur Hafrannsóknastofnunin lagt mikla áherslu á samstarf við aðila í atvinnugreininni um framkvæmd rannsókna og unnið kerfisbundið að því upplýsa og útskýra eðli þeirra. Eins er með nánú samstarfi reynt að virkja þekkingu sjómanna og annarra sem vinna daglega við nýtingu sjávarauðlindarinnar sem er afar mikilvægt fyrir árangur rannsóknastarfsins. Tryggja þarf því að stofnunin fjarlægist ekki aðila í atvinnugreininni við nýja skipan mála. Slíkt náði samstarf breytir því vitaskuld ekki að Hafrannsóknastofnunin þarf ávallt að tryggja hlutleysi sitt og sjálfstæði í ráðgjöf til stjórnvalda svo hlutverk stofnunarinnar við vörslu auðlindarinnar í almannabágu verði hafið yfir allan vafa.

Að lokum skal nefnt mikilvægi þess við stjórnun fiskveiða nú á dögum að tryggð sé sjálfbærni veiðanna og að veiðum sé stjórnað með vistkerfi sjávar í heild í huga. Slíkt verður aðeins gert að til komi samtvinnun umhverfisverndarsjónarmiða og nýtingarsjónarmiða í stað þess að þessum sjónarmiðum sé teflt fram sem andstæðum póllum. Til þess að svo geti orðið þarf stefnumótun um nýtingu og vernd að liggja fyrir. Virðist tillaga í frumvarpi um stofnun nýtingar- og verndarráðs sjávarauðlindarinnar geta þjónað mikilvægu hlutverki við stefnumótun stjórnvalda með fulltrúum væntanlegs atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og umhverfis- og auðlindaráðuneytis. Á grundvelli þessa myndi Hafrannsóknastofnunin þá forgangsraða sínum rannsóknum og móta ráðgjöf um nýtingu og vernd. Í sjálfu sér væri ekki um grundvallarbreytingu á starfsemi stofnunarinnar að ræða við þessa formbreytingu, þar sem stofnunin hefur fyrst og fremst tekið mið af sjálfbærni auðlindarinnar í sinni ráðgjöf. Engu að síður væri með þessum hætti varðaður vegurinn með formlegri hætti en nú er, sem hlýtur að vera jákvætt, m.a. í ljósi sívaxandi kröfu á alþjóða vettvangi um formlega stefnumótun stjórnvalda og langtíma sýn við nýtingu fiskistofna.

F.h. Hafrannsóknastofnunarinnar,


Jóhann Sigurjónsson